



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2014

Umsögn um stjórnarhætti: Landsbankinn hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Exemplary in good corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðuleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Landsbankinn hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af Deloitte í nóvember 2014.

Niðurstaða úttektar Deloitte á stjórnarháttum Landsbankans hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er vel skilgreint í starfsreglum. Hlutverk bankaráðs er í meginatriðum eftirlitshlutverk en árlega skilgreinir bankaráð hver mikilvægustu verkefni eru á komandi starfsári. Verkaskipting bankaráðs og bankastjóra er vel skilgreind í samþykktum og starfsreglum bankans.

Hvað má betur fara: Landsbankinn hf. er í 97,92% eigu ríkisins en er sjálfstætt rekið fjármálafyrirtæki. Allir bankaráðsmenn eru tilnefndir af Bankasýslu ríkisins. Mikilvægt er að hlutverk bankaráðs sé gert skýrt gagnvart eigendum félagsins, hvað varðar ábyrgð og ákvarðanir, t.d. með sérstakri eigendastefnu þar sem gerð er grein fyrir hlutverki, sjálfstæði og ábyrgð stjórnarmanna gagnvart eigendum bankans.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni bankaráðs eru í samræmi við hlutverk þess og verkefnið eins og skilgreint er í starfsreglum. Bankaráð gerir árlegt árangursmat á störfum sínum og starfskjaranefnd, framtíðarnefnd, endurskoðunarnefnd og áhættunefnd gera sjálfstætt árangursmat.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Bankaráð hélt átján stjórnarfundi á síðastliðnu ári og var hver fundur fjórar klukkustundir að jafnaði. Tími fyrir umræður var aukinn í kjölfar endurmats á störfum bankaráðs. Allir bankaráðsmenn eru vel upplýstir um málefni sem tekin eru fyrir á fundum og eru virkir þátttakendur í fundum. Bankaráð notast við óháða ráðgjafa á bankaráðsfundum.

Hvað má betur fara: Tilnefningarnefnd er ekki starfandi sem undirnefnd bankaráðs, hins vegar hefur Bankasýsla ríkisins valnefnd sem leggur til hverjir fá sæti í bankaráði bankans og stjórn Bankasýslu ríkisins ákveður hverjir eru stjórn bankans. Ennfremur mætti skilgreina betur hvaða upplýsingar bankaráð þarf að fá, hvenær og með hvaða hætti til að bankaráð geti sinnt hlutverki sínu.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur bankaráðs voru endurskoðaðar og samþykktar árið 2014. Siðareglur Landsbankans voru staðfestar á bankaráðsfundi 13. mars 2013 en í siðareglunum – Siðasáttmálanum – er umfjöllun um samfélagslega ábyrgð. Bankinn gefur út árlega samfélagskýrslu. Bankaráðsmenn eru sammála um að hvert mál fái vandaða meðferð og ákvarðanataka byggist á upplýstri umræðu.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Bankaráðsmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Sjö manns sátu í bankaráði félagsins árið 2014. Bankaráð skipa: Tryggvi Pálsson (formaður), Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Danielle Pamela Neben, Helga Björk Eiríksdóttir, Jón Sigurðsson, Kristján Þórarinn Davíðsson og Jóhann Hjartarson. Þrjár konur (40%) og fjórir karlar (60%) sitja í bankaráði. Bankaráðsmenn eru á aldrinum 33 til 65 ára og er meðalaldur þeirra 50 ár. Allir stjórnarmenn eru óháðir að Jóni Sigurðssyni undanskildum sem er framkvæmdastjóri Promens hf. sem er 49,9% í eigu dótturfélags Landsbankans, Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Nýir stjórnarmenn fá ítarlega kynningu á bankanum og hlutverki bankaráðs.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað var. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.